

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Skipulagsstofnun.
Laugavegur 166
150 Reykjavík

00.80 HB Garðabær 6. mars 2019

Umsögn um:

Hvort framkvæmdir innan skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum skulu háðar mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins kom saman til fundar þann 28. febrúar 2019.

Meðal mála sem stjórnin fjallaði um var ósk Skipulagsstofnunar um að hún veitti umsögn um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdir á Skíðasvæði höfuðborgarsvæðinu skuli háðar mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 6. gr. og reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Eftirfarandi var skráð í fundargerð framkvæmdastjórnar;

Skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins sendi Skiplagsstofnun tilkynningu sem var móttækin 24. september 2018 um áformaðar framkvæmdir á skíðasvæðinu í Bláfjöllum í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins hefur lagt fram viðbótargögn og því óskaði Skipulagsstofnun eftir annarri umsögn þann 15. febrúar 2019 í samræmi við 6. gr. laga nr.106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Lögð fram eftirfarandi gögn:

- Greinagerðin með viðbótum
- Vegagerðin – áhættumatið
- Vegagerðin – framkvæmdaáætlun
- Samningur við ÍSOR

Bláfjöll – deiliskipulag, greinargerð, síðast dags. 17.09.2018.

Auk þess voru yfirfarin önnur þau gögn sem tengjast umfjöllun um Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins.

Bókun framkvæmdastjórnar:

„Niðurstaða Framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins síðastliðið haust, var sú að ónægar upplýsingar lágu til grundvallar framkvæmdaáætlun fyrir skíðasvæðin og því væri nauðsynlegt að krefjast umhverfismats á framkvæmdinni. Í ljósi aukins samráðs, nýrra gagna og áhættumats ásamt áformum um frekari rannsóknir á svæðinu, er það mat Framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins að ekki sé lengur þörf á umhverfismati. Mikilvægt sé að úrbætur á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið séu samhliða áframhaldandi uppbyggingu og framkvæmdum í Bláfjöllum og þegar í stað verði lokanir á Bláfjallavegi 417-2 eins og fram kemur í áhættumatsskýrslu VSÓ. Þá verði skoðað að lækka hámarkshraða á Bláfjallavegi í 70 km/klst. Jafnframt ítrekar Framkvæmdastjórnin að sækja þarf um starfsleyfi fyrir hverja framkvæmd áður en framkvæmdaleyfi yrði gefið út og huga að mótvægisáðgerðum sbr. greinagerð VSÓ til að lágmarka áhættu á mengunarslysi.“

F.h. Framkvæmdastjórnar um
vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins,



Hörður Þorsteinsson
Formaður stjórnar